

Reykjavík, 5. mars 2019

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgrötu 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um lýðskóla (mál nr. S-66/2019).

UMFÍ fagnar áformum um frumvarp til laga um lýðskóla. UMFÍ hefur lengi haft áætlanir uppi um stofnun lýðháskóla (eða lýðskóla eins og útfærslan á menntunarforminu heitir nú). Meðvitað hefur ekki verið farið áfram með málið á meðan lagasetning um starfsemi lýðskóla eru ekki til á Íslandi.

UMFÍ hefur ávallt lagt áherslu á að verkið verði unnið í rétttri röð. Fyrsti liðurinn í þeirri keðju er að lagaumgjörðin um lýðskóla á Íslandi verði til staðar áður en slíkur skóli er settur á laggirnar. Því fagnar UMFÍ sérstaklega að gert er ráð fyrir að frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir Alþingi á vormisseri 2019.

Góð reynsla af erlendum lýðháskólum

Íslendingar þekkja lýðskóla ytra afar vel enda hefur ungt fólk á Íslandi farið utan í meira en hundrað ár til að uppfylla þörf sína fyrir óformlegt nám og aðra þekkingu en fengist hefur á Íslandi. Þetta unga fólk snýr alltaf aftur með meiri þekkingu í farteskinu sem það býr að til æviloka. Oftar en ekki sá þeir fræjum víðsýnnar til barna sinna og bæta með því heiminn.

Valkostur fyrir ungt fólk

Á ráðstefnum sem ungmennaráð UMFÍ hefur staðið fyrir síðan árið 2012 hefur komið fram að lýðskóli þurfi að vera í boði fyrir ungt fólk sem hefur hætt námi til skemmri eða lengri tíma og fallið úr formlegu námi og vill hefja þá vegferð á ný. Slíkur valkostur getur líka nýst atvinnulausu fólki sem þarf að finna sér nýjan farveg.

Nú eru tveir skólar starfræktir undir merkjum lýðskóla, LungA-skólinn á Seyðisfirði og Lýðháskólinn á Flateyri. Eins og fram kemur í skjölum til samráðs gætu lögin náð yfir tvo húsmæðraskóla. Þessu góða framboði fagnar UMFÍ, því skólarnir eru allir mismunandi og – ef af verður – mun lýðskóli UMFÍ verða viðbót við fjölbreytta flóru. Möguleikum fólks menntunar mun aðeins fjölga með fleiri skólum og sérhæfingu.

Forsendur lýðskóla á Íslandi

UMFÍ hefur lengi haft hug á að setja lýðskóla á laggirnar. Tækifærið kom árið 2016 þegar háskólaráð Háskóla Íslands ákvað að flytja nám í íþróttافرæðum og íþróttakennslu frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Við það losnaði ákjósanlegt húsnæði. Á sama tíma olli brotthvarf námsins fækkun opinberra starfa í Bláskógabyggð.

Með stofnun lýðskóla UMFÍ á Laugarvatni er auk fjölbreyttari möguleika fyrir ungt fólk til að mennta sig, horft til þess að fá góða nýtingu á húsnæði sem hentar lýðskólanámi afar vel. Á sama tíma er mjög líklegt að lýðskóli á Laugarvatni verði til þess að búa til ný störf í kringum skólann. Störfin gætu mögulega orðið fleiri en þeim sem fækkaði þegar íþróttakennaraháskólinn var fluttur frá Laugarvatni. Ekki liggur fyrir hve mörg störfin geta orðið.

Vinnuhópur á vegum stjórnar UMFÍ hefur átt í viðræðum við sveitarstjórn Bláskógabyggðar vegna mögulegs lýðháskóla í sveitarfélaginu. Brigður hafa ekki fallið á vinnu hópsins.

Fleiri valkostir bæta lífsgæði

UMFÍ og ungmennaráð UMFÍ standa fyrir ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði á hverju ári. Á ráðstefnunum hefur komið fram að ungt fólk vill fjölbreyttari námsleiðir. Sú krafa hefur sérstaklega aukist eftir að nám í framhaldsskólum var stytnt úr fjórum árum í þrjú haustið 2015 en það er talið hafa aukið hættuna á brottfalli úr námi í framhaldsskólum.

Brottfall úr námi í framhaldsskólum á Íslandi hefur í gegnum tíðina verið með því hæsta sem þekktist af löndunum sem aðild að að Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Að því er fram kemur í skýrslu OECD árið 2012 um tölur brotthfalls úr framhaldsskólum árið 2009 höfðu 20% Íslendingar á aldrinum 25-34 ára ekki lokið framhaldsskólaprófi. Í nágrannalöndunum er hlutfallið undir 10%. Þá segir í skýrslunni að 28% þeirra sem hófu nám árið 2004 hafi annað hvort hætt eða tekið sér hlé frá námi.

Brottfall úr námi hefur áhrif á atvinnutækifæri ungs fólks. Hætt er við að ungt fólk með litla menntun fari í lágláunastörf og verði lífsgæði þeirra verri en annarra. Lýðskólar draga úr líkunum á að svo fari fyrir ungu fólki. Lýðskólar auka því líkurnar á að fólk lifi við sambærileg eða betri lífsgæði en áður.

Lýðskóli UMFÍ

Þeir nemendur sem UMFÍ hefur styrkt til náms í lýðskólum í Danmörku eiga það sammerkt að njóta þess að vera í náminu. Ætla má að eftirspurn verði eftir námi í lýðskóla UMFÍ á Laugarvatni ef af verður. UMFÍ hugsar sér að lýðskóli á Laugarvatni verði fyrir ungt fólk sem vill fara í nám tengt útivist, hreyfingu og lýðheilsu og efla þekkingu sína.


UMFÍ hefur þegað mynda samstarfsteymi við lýðskóla í Danmörku og eru aðilar þar tilbúnir að leggja sitt af mörkum í undirbúningi og framkvæmd. Samvinna UMFÍ er jafnframt við forsvarsfólk lýðháskólans á Flateyri og LungA.

Gott líf með lýðskóla

UMFÍ hefur um næstum 20 ára skeið starfrækt Ungmennabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal. Þangað koma skólahópar í 9. bekk í tæplega vikudvöl með kennurum sínum. Eftirsóknarvert hefur verið að koma í búðirnar en þar er lögð áhersla á félagsfærni, útivist og upplifun. Nú er unnið að flutningi Ungmenna- og tómsundabúðanna til Laugarvatns. Starfsemin þar getur stutt við starfsemi lýðskóla, eftl samfélagið í Bláskógabyggð og tengt ásýnd staðarins við heilbrigði, lýðheilsu og menntun í þeim geira.

Áform UMFÍ um stofnun lýðskóla – sérstaklega á Laugarvatni – er í samræmi við lýðheilsustefnu UMFÍ og samfélaginu til góða. Forsvarsmenn UMFÍ eru reiðubúnir til frekari útskýringa og hjálpar við frumvarpið á öllum stigum ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
Framkvæmdastjóri UMFÍ